

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 314/2023**2024/EES/48/17****frá 8. desember 2023****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/409 frá 18. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009 að því er varðar lágmarksinnihald kalsíumoxíðs í eingildum, föstum, ólífrænum áburði með megin-næringarefnum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1009) í XIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 R 0409:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/409 frá 18. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 59, 24.2.2023, bls. 1).“*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/409, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2023 frá 28. apríl 2023 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 59, 24.2.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2023, 9.11.2023 og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 3.